



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FUNDIR Á BESSASTÖÐUM

Formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, mun eiga fund með forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni á Bessastöðum í dag, sunnudaginn 1. febrúar, kl. 12:00. Formaður Samfylkingarinnar mun gera forseta grein fyrir niðurstöðum viðræðna sem fram hafa farið um stjórnarmyndun.

Forseti Íslands hefur jafnframt boðað Jóhönnu Sigurðardóttur alþingismann og starfandi félagsmálaráðherra til Bessastaða í dag kl. 13:00. Að loknum þeim fundi verður rætt við fréttamenn.

1.febrúar 2009

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).